

#### 40. Stjórnarfundur Alnæmisbarna, 28. sept. 2006

Haldinn kl. 12 –13 í húsnæði Samorku við Suðurlandsbraut.

Mætt: Bjarni Reyr, Helga, María, Ragna, Guðlaugur, Sigurlaug og Gestur.

##### Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Umsókn og svar frá ÞSSÍ Umsókn um styrk til ÞSSÍ var send 7. sept. '06. Fengum strax svar á þá leið að til að koma til álita á þessu ári þyrfti að vera búið að finna samstarfsaðila í Uganda. Styrkur ÞSSÍ er einungis til sjálfbærra verkefna. Ekki var getið um neinn frest. Rætt var um að hraða vinnu við að kanna mögulegt samstarf við Kitetikkaskólann. Hann er bæði grunn-, framhalds- og heimavistarskóli sem nokkrar stúlkanna hafa gengið í og hefur skólastjóri hans sýnt áhuga á því að sjá um kennslu stúlkanna frá CLF. Kertagerðin yrði líka ein deild skólans. Komi til þessa þyrfti að byggja við skólann. Gæti það kostað um eina milljón ísl. króna. Einnig þarf að kanna möguleika á leikskólaplássi fyrir börn og systkini stúlkanna. Þessi skóli er styrktur af ÞSSÍ sem gæti auðveldað þeim að koma að þessu verkefni. Gestur er búinn að senda bréf til skólastjórans en hann hefur ekki heyrt í honum eftir það. Ákveðið að Gestur haldi áfram að reyna að ná á hann og senda Rosett afrit af bréfinu til skólans svo hún sé betur upplýst um það sem er í gangi. María ætlar líka að hafa samband við hana. Gott væri að geta unnið þetta mál sem best áður en fulltrúar Alnæmisbarna, þau María og Gestur, halda út í nóvember. CLF-næstu skref Nýtt námskeið átti að hefjast í október en ákveðið var að slá því á frest. María ræðir um það við Rosett. Endurskoðun þessara námskeiða út frá fyrri markmiðum okkar verður síðan tekin fyrir í heimsókninni í nóvember og í kjölfarið ákvörðun um fleiri námskeið. Markmiðslýsing fyrir menntun og eftirfylgni við CL-stúlkur Ragna ætlar að ganga í þetta mál. Staða reiknings Alnæmisbarna og mánaðargreiðslur Erum að fá rúmlega kr. 50.000,- á mánuði fyrir hverja stúlku sem er í Kitetikkaskólanum og er það næg upphæð fyrir 11 stúlkur til þess að stunda nám við skólann. Í skólanum eru nú 12 stúlkur. Með öðrum orðum þá þarf að greiða kr. 15.000,- fyrir hverja stúlku á önn en það eru 3 annir á hverju skólaári. Kanna þarf greiðslu upp á kr. 200.000,- frá UNIFEM en hún hefur ekki borist í ár. Í fyrra ákveðu þeir að styrkja okkur yfir 5 ára tímabil en styrkurinn fyrir árið í fyrra var greiddur út þann 2. sept.. Önnur mál • Fréttir til félaga og heimasíða Ragna ætlar að nálgast myndir Sigríðar Baldursdóttur til þess að setja inn á heimasíðuna.

##### Jóla kortasjóður ÍSOR

Jóla kortasjóður ÍSOR fyrir árið 2005 að upphæð kr. 200.000,- verður greiddur út bráðlega

Næsti stjórnarfundur

Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 24. okt. kl. 12 hjá ÍSOR, Grensásvegi 9

Sigurlaug Hauksdóttir, ritstjóri stjórnar